

NÝTINGARLEYFI

Leyfi UOS-UOS-2025-L020-01

Leyfi til nýtingar grunnvatns

Kaldvík hf.

Laxabraut 9-11, Þorlákshöfn

Kt.: 520412-0930

1. Almenn

Umhverfis- og orkustofnun veitir Kaldvík hf., kt. 520412-0930, hér eftir nefnt leyfishafi, leyfi til nýtingar á grunnvatni, með vísan til 6. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu (hér eftir auðlindalög).

Leyfið tekur til afmarkaðs nýtingarsvæðis við Laxabraut 9-11 í sveitarfélaginu Ölfusi, hér eftir nefnt nýtingarsvæði. Svæðið er nánar afmarkað af hnitum og korti í fylgiskjali 1 og telst hluti leyfisins.

Leyfi þetta verður ekki framselt né má setja það til tryggingar fjárskuldbindingum nema með leyfi Umhverfis- og orkustofnunar, sbr. 32. gr. auðlindalaga. Verði gerð breyting á nafni leyfishafa ber að tilkynna Umhverfis- og orkustofnun um slíka breytingu.

Leyfishafi getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig, hann ábyrgist þó áfram að ákvæðum nýtingarleyfisins sé fylgt.

Leyfishafa ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir og haga starfseminni í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

2. Gildistími

Nýtingarleyfi þetta gildir frá útgáfudegi til 13. maí 2045.

Leyfið fellur úr gildi ef vinnsla grunnvatns er ekki hafin innan þriggja ára frá útgáfu leyfisins, sbr. 1. mgr. 7. gr. auðlindalaga. Nýting án nýtingarleyfis er óheimil.

Um afturköllun og endurskoðun leyfisins vísast til 9. gr. þessa leyfis.

3. Umfang nýtingar

Með leyfi þessu er leyfishafa heimilt að nýta grunnvatn á tilgreindu nýtingarsvæði sem hér segir:

Lýsing	Meðalnýting (l/sek)	Hámarksnýting (l/sek)
<i>Jarðsjór (selta $\geq 15\%$):</i>		
Fyrri áfangi	992	2.500
Seinni áfangi	1.985	5.000
<i>Ferskt grunnvatn (selta $\leq 1\%$):</i>		
Fyrri áfangi	3	5
Seinni áfangi	200	375

Í fyrri áfanga er nýting sem þegar er hafin, í seinni áfanga er fyrirhuguð aukning. Meðalnýting skal ekki verða meiri en sem samsvarar 3 l/s af fersku grunnvatni og 992 l/s af jarðsjó í fyrri áfanga og 200 l/s af fersku grunnvatni og 1.985 l/s af jarðsjó í seinni áfanga.

Ekki verður leyfilegt að hefjast handa við seinni áfanga fyrr en niðurstöður vöktunar og eftirlits, um áhrif fyrri áfanga á grunnvatnshæð og stærð og þykkt ferskvatnslinsu, liggja fyrir og sýnt þykir að grunnvatnsgeymirinn þoli aukna vinnslu. Niðurdráttur og selta skulu ekki fara umfram þau mörk sem áætluð voru samkvæmt líkanreikningum Vatnaskila fyrir leyfishafa (nóvember 2019).¹ Gefi uppfærðir líkanreikningar eða gögn til kynna að óbreytt vinnsla leiði til þess að grunnvatnsborð falli út fyrir þau mörk ber leyfishafa að leggja til mótvægisáðgerðir til samþykktar Umhverfis- og orkustofnunar.

Leyfishafa ber að haga vinnslu sinni þannig að nýting verði sem best þegar til lengri tíma er litið og gæta þess að taka ekki meira vatn en þörf er á til starfseminnar. Hann skal við framkvæmdir og nýtingu á sínum vegum, sem ætla má að hafi áhrif á nýtingu annarra aðila, taka tillit til og hafa samráð við aðila sem stunda nýtingu í nágrenni nýtingarsvæðisins.

4. Vatnamál

Samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála skulu grunnvatnshlot ná þeim umhverfis-markmiðum sem sett hafa verið fyrir þau. Samkvæmt 12. gr. laganna má ástandi vatnshlota ekki hnigna hvorki tímabundið né varanlega. Gæðapættir sem notaðir eru til að meta ástand vatnshlota eru settir fram í reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun og eru útfærðir nánar m.t.t. ástandsflökka í vatnaáætlun. Tryggja ber sjálfbæra nýtingu grunnvatns svo að jafnvægi sé milli vatnstöku og endurnýjunar.

Þetta nýtingarleyfi veitir ekki heimild til seltuaukningar sem er ólögleg skv. lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011.

Starfsemin skal vera í samræmi við reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.

¹ [Viðauki með frummatsskýrslu Laxa og fylgiskjal með umsókn um nýtingarleyfi.](#)

5. Frágangur starfsstöðvar og svæðis

Leyfishafa er skylt að ganga vel um og skal hann halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu og sinna viðhaldi á mannvirkjum og búnaði. Leyfishafi skal sýna ýtrustu varúð þannig að jarðvegi verði ekki spillt með mengun, sbr. reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

Leyfishafi skal taka tillit til umhverfissjónarmiða við framkvæmdir sem og við frágang að þeim loknum og fjarlægja á sinn kostnað öll mannvirki og vinnslutæki, og skilja við svæðið, svo sem nokkur kostur er, í sama ásigkomulagi og fyrir framkvæmdir. Frágangur skal vera með þeim hætti að hann fyrirbyggi ekki framtíðarnotkun jarðrænna auðlinda á svæðinu. Þegar notkun borhola er hætt skal leyfishafi loka þeim og merkja.

6. Eftirlit og vöktun

Umhverfis- og orkustofnun hefur eftirlit með framkvæmd leyfisins samkvæmt IX. kafla auðlindalaga.

Áður en framkvæmdir hefjast þarf að liggja fyrir vöktunaráætlun um eftirfylgni með því hvort vatnstaka kunni að hafa áhrif á grunnvatnsborð og hættu á að jarðsjór blandist ferskvatnslinsu. Þá þarf leyfishafi að skila sameiginlegri vöktunaráætlun og grunnvatnslíkani, sem sýni áhrif nýtingarinnar á grunnvatnsauðlindina, með öðrum aðilum sem vinna grunnvatn úr sömu auðlind og starfa á svæðinu vestan Þorlákshafnar. Til að unnt verði að vakta áhrifin skal ráðist í rannsóknir á jarðfræði og vatnafari svæðisins sem skulu m.a. felast í áhrifum nýtingar á rennsli og seltu ferskvatns, blandlags og jarðsjávar. Vinna skal rökstudda greinargerð um niðurstöður rannsókna.

Leyfishafi skal skila til Umhverfis- og orkustofnunar til samþykktar áætlun um tíðni og fyrirkomulag innra eftirlits og vöktun á áhrifum nýtingar innan þriggja mánaða frá því að nýting hefst. Eftirlits- og vöktunaráætlun skal endurskoðuð eigi síðar en 31. desember 2030 og síðan á fimm ára fresti á leyfistímanum, eða ef eftirlitsaðili eða leyfishafi óskar þess.

Leyfishafi skal viðhalda virku innra eftirliti með framkvæmd leyfis. Halda ber skrár um magn, nýtingarhraða og seltu þess grunnvatns sem er tekið og nýtt. Þá ber leyfishafa að vakta áhrif nýtingarinnar á grunnvatnsborð og hættu á að jarðsjór blandist upp í ferskvatnslinsuna. Vöktunargögn þurfa að nýtast til líkangerðar á svæðinu og til mats á ástandi auðlindarinnar hverju sinni.

Samkvæmt 22. gr. auðlindalaga eru fyrirhugaðar boranir tilkynningaskyldar til Umhverfis- og orkustofnunar á því formi sem stofnunin tilgreinir hverju sinni.

Stofnunin hefur samráð við aðra opinbera aðila eftir því sem þörf krefur.

7. Upplýsingaskylda og meðferð upplýsinga

Leyfishafi skal senda Umhverfis- og orkustofnun skýrslu fyrir 1. maí ár hvert, fyrir undan-gengið almanaksár, þar sem fram koma upplýsingar um upptöku og nýtingu auðlindar og aðrar upplýsingar sem gefa til kynna stöðu og ástand auðlindar. Um skil á gögnum skal fylgja gildandi leiðbeiningum stofnunarinnar á hverjum tíma.

Heimilt er að gera skilaskyld gögn opinber og aðgengileg innan árs frá gerð þeirra í samræmi við leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar. Telji leyfishafi, vegna viðskiptahagsmuna eða samkeppnissjónarmiða, mikilvægt að framlengja trúnaði yfir ákveðnum upplýsingum getur leyfishafi óskað þess við Umhverfis- og orkustofnun til 5 ára í senn, gegn rökstuðningi.

8. Skaðabótaskylda og vátryggingar

Leyfishafi er skaðabótaskyldur vegna tjóns sem hlýst af starfsemi á grundvelli leyfis þessa, í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttarins, og ber að hafa tryggingu hjá viðurkenndu tryggingarfélagi vegna tjóns sem kann að hljóta af starfsemi hans almennt.

9. Afturköllun og endurskoðun leyfis

Umhverfis- og orkustofnun getur afturkallað leyfið ef leyfishafi fylgir ekki þeim skilmálum sem settir eru í leyfi þessu eða lögum og reglugerðum sem það byggir á, sbr. 20. gr. auðlindalaga eða samningum sem tengjast leyfinu. Enn fremur getur Umhverfis- og orkustofnun afturkallað nýtingarleyfið ef bú leyfishafa er tekið til gjaldþrotaskipta eða hann leitar nauðasamninga, sbr. 2. mgr. sama ákvæðis.

Umhverfis- og orkustofnun er einnig heimilt að endurskoða nýtingarleyfið eða setja ný skilyrði leiði vöktun í ljós að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir nærliggjandi vatns-hlot á grundvelli laga um stjórn vatnamála, nást ekki, sbr. 2. mgr. 17. gr. auðlindalaga. Við ákvörðunina skal líta til þess hvaða áhrif breytingin hefur á hagsmuni leyfishafa og til ávinnings og óhagræðis sem hún ylli að öðru leyti. Endurskoðun leyfisins skal tryggja að umhverfismarkmiðum verði náð.

Um afturköllun og endurskoðun á leyfinu fer að öðru leyti eftir ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og ólögfestum meginreglum stjórnsýsluréttarins.

10. Gjaldtaka

Fyrir leyfi sem Umhverfis- og orkustofnun veitir og fyrir eftirlit sem stofnuninni er falið skv. auðlindalögum er heimilt að innheimta gjald samkvæmt gildandi gjaldskrá.

11. Kæruheimild

Ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar um útgáfu nýtingarleyfis er kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfis- og orkustofnunar skv. 2. mgr. 33. gr. auðlindalaga og sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Reykjavík, 13. maí 2025

Umhverfis- og orkustofnun

Gestur Pétursson
forstjóri

Matthildur B. Stefánsdóttir
jarðfræðingur

Fylgiskjal 1. Kort af leyfissvæði og hnit



Mynd 1. Leyfiskort.

Tafla 1. Hnit leyfissvæðis (ISN93).

Nr.	X	Y
1	381494	373615
2	381618	373575
3	381741	373535
4	381723	373341
5	381684	373270
6	381575	373247
7	381396	373302

Fylgiskjal 2. Greinargerð

Leyfi til nýtingar á allt að 375 l/s af fersku grunnvatni og allt að 5.000 l/s af söltu grunnvatni innan athafnalóða Kaldvíkur hf. við Laxabraut 9 og 11 í Þorlákshöfn, sveitarfélaginu Ölfusi.

Orkustofnun var lögð niður 31. desember 2024. Þann 1. janúar 2025 tók Umhverfis- og orkustofnun til starfa. Leyfi þetta er veitt af Umhverfis- og orkustofnun sem tók við verkefnum, réttindum og skyldum, eignum og skuldbindingum Orkustofnunar og þess hluta af starfsemi Umhverfisstofnunar er lýtur að umhverfis- og loftslagsmálum, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 110/2024 um Umhverfis- og orkustofnun.

Inngangur

Með bréfi, dags. 14. október 2021, sóttu Laxar fiskeldi ehf., kt. 450220-1400, um nýtingarleyfi til töku á söltu og fersku grunnvatni (jarðsjó) á starfslóð fyrirtækisins að Laxabraut 9 og 11 í Þorlákshöfn, með vísan til 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, hér eftir auðlindalög. Fyrirhugað leyfissvæði er í eigu sveitarfélagsins Ölfuss.

Fiskeldisstöðin hóf starfsemi árið 2017 en fyrirhuguð er stækkun starfseminnar og vegna þess þarf að auka töku fersks grunnvatns úr 5 í allt að 375 l/s af fersku grunnvatni og úr 2.500 í allt að 5.000 l/s af jarðsjó. Að meðaltali er gert ráð fyrir upptöku á 200 l/s af fersku grunnvatni og 1.985 l/s af jarðsjó í seinni áfanga. Óskað var eftir nýtingarleyfi til 20 ára.

Með bréfi, dags. 22. desember 2021, staðfesti Orkustofnun móttöku erindisins en gerði athugasemdir við efni og framsetningu umsóknar og fylgiskjala. Eftir nokkur samskipti barst Orkustofnun endurskoðuð og uppfærð umsókn, ásamt fylgiskjöllum, með tölvupóstum þann 24. ágúst og 19. október 2022.

Þann 31. desember 2022 tók Fiskeldi Austfjarða við rekstri Laxa fiskeldis, með samruna á grundvelli laga um hlutafélög nr. 2/1995, skv. eignayfirlýsingu dags. 13. desember 2023. Fiskeldi Austfjarða breytti síðar nafni sínu í Kaldvík sem er rekið á sömu kennitölu.

Megintilgangur vatnsnotkunar er núverandi starfsemi fyrirbyggjandi eldisstöðvar og fyrirhuguð stækkun hennar þar sem framleidd verða allt að 2.500 tonn af laxi og laxaseiðum.

Málsmeðferð

Við veitingu nýtingarleyfa skal þess gætt, samkvæmt 17. gr. auðlindalaga, að nýting auðlinda í jörðu sé með þeim hætti að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða, nýting auðlindanna sé hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og tekið sé tillit til nýtingar sem þegar er hafin í næsta nágrenni.

Með vísan til 3. mgr. 6. gr. auðlindalaga óskaði Orkustofnun umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Sveitarfélagsins Ölfuss um umsókn Laxa fiskeldis ehf. Erindi

Þessa efnis voru send þann 24. nóvember 2022 og var óskað eftir því að umsagnir bærust eigi síðar en 16. desember 2022. Tekið var fram að ef ekki bærust umsagnir fyrir tilgreindan umsagnarfrest liti Orkustofnun svo á að ekki væru gerðar athugasemdir við umsóknina.

Þá leitaði Orkustofnun sérstaklega eftir áliti og leiðbeiningum Umhverfisstofnunar, þann 7. mars 2024, varðandi málsmeðferð, ákvæða leyfis og rökstuðning þess, með hliðsjón af þeirri stefnumörkun sem fram kemur í Vatnaáætlun 2022-2027 og lögum um stjórn vatnamála.

Umsagnir

Umsögn Náttúrufræðistofnunar

Náttúrufræðistofnun Íslands vísaði í umsögn sinni, dags. 14. desember 2022, til þess að Skipulagsstofnun hafi í áliti sínu frá 19. apríl 2021 talið óvissu um áhrif framkvæmdarinnar á grunnvatn og að áður en framkvæmdir hefjist þurfi að liggja fyrir vöktunaráætlun um eftirfylgni með því hvort vatnstaka hafi áhrif á grunnvatnsyfirborð og hættu á að jarðsjór blandist ferskvatnslinsu. Skipulagsstofnun hafi og bent á að í leyfi þurfi að setja skilyrði um vöktun á grunnvatni og viðbrögð við áhrifum á grunnvatnsborð reynist þau meiri en gert sé ráð fyrir.

Benti Náttúrufræðistofnun á að í fylgigögnum sé ekki að sjá að vöktunaráætlun liggi fyrir né að hún sé samstarfsverkefni áðurnefndra aðila. Taldi stofnunin að samlegðaráhrif vatnsnýtingar fiskeldisfyrirtækja við Þorlákshöfn gætu valdið vanda ef ekki verði fylgst reglulega með stöðu grunnvatns og brugðist við ef þörf krefji. Í framhaldi af þessari óvissu taldi Náttúrufræðistofnun að 20 ára gildistími nýtingarleyfis sé langur tími og að setja þurfi skilyrði um vöktunar- og viðbragðsáætlun vatnstökunnar.

Umsögn Umhverfisstofnunar

Í umsögn sinni, dags. 20. desember 2022, vakti Umhverfisstofnun athygli á að fyrsta vatnaáætlun Íslands hafi verið staðfest í apríl 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála. Með vísan til reglugerðar nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun eigi grunnvatnshlot að ná umhverfismarkmiðum sínum um góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand og að ástand þeirra megi ekki rýrna. Gerist slíkt þurfi að setja fram aðgerðir til að draga úr álagi á vatnshlotið með það að markmiði að bæta ástandið. Þeir gæðapættir sem notaðir séu til að meta ástand grunnvatnshlota séu breytingar á hæð grunnvatnsyfirborðs (góð magnstaða), leiðni og styrkur mengunarvalda eins og fram komi í reglugerðinni. Vatnshlotin á þessu svæði séu tvö: Selvogsstraumur 3 (104-290-G) og Ölfusstraumur 3 (103-268-G). Stofnunin tilgreindi að hún hefði ónóg gögn til að segja til um ástand vatnshlötanna en að gæta þurfi þess að aukin vatnstaka hafi ekki neikvæð áhrif á magnstöðu þeirra.

Umhverfisstofnun taldi að ágætlega væri gerð grein fyrir áhrifum framleiðsluaukningar leyfishafa en benti á að í mati á umhverfisáhrifum stækkunar Laxa fiskeldis frá 2019 hafi ekki

verið fjallað um vatnsátöppunarstöð Iceland Glacial² sem vinni vatn úr lind undir Hlíðarfjalli og sé innan vatnshlotsins Selvogsstraumur 3. Í því ljósi þurfi að vanda vel til vöktunar á álagi starfseminnar á grunnvatnshlotið og að slík vöktun þurfi að taka bæði til efnafræðilegra gæðapátta og magnstöðu sbr. vöktunaráætlun vatnaáætlunar. Taldi Umhverfisstofnun þá útfærslu á vöktun sem lögð var til í skýrslu Vatnaskila frá 2019 vera skynsamlega.

Miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar gerði Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við grunnvatnstöku Laxa fiskeldis ehf. en taldi að fyrirtækið ætti að vakta notkun á fersku grunnvatni og jarðsjó, og komi í ljós að niðurdráttur verði meiri við vatnsból sveitarfélagsins á Hafnar-sandi verði fyrirtækið að bregðast hratt við og breyta vinnsluaðferðum sínum. Hafa verði í huga að neysluvatnsból Þorlákshafnar séu mögulega í húfi.

Umsögn sveitarfélagsins Ölfuss

Með bréfi sveitarfélagsins Ölfuss, dags. 9. desember 2022, var vísað til þess að á 42. fundi skipulags- og umhverfisnefndar Ölfuss þann 7. desember 2022, hafi erindi Orkustofnunar með ósk um umsögn um vatnsöflun Laxa fiskeldis verið tekið fyrir og geri nefndin ekki athugasemd við fyrirhugaða vatnsöflun.

Innsendar umsagnir voru sendar umsækjanda, með tölvupóstum þann 20. desember 2022, sem var þá gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum eða athugasemdum vegna umsagnanna, ellegar óskað eftir yfirlýsingu um að hann gerði ekki athugasemdir þar um.

Viðbrögð umsækjanda við umsögnum

Með tölvupósti sem barst Orkustofnun þann 6. janúar 2023 benti umsækjandi á að í ljósi ábendinga Umhverfisstofnunar muni vöktun verða samkvæmt áætlun sem borin verði undir stofnunina til samþykktar og jafnframt var áréttað að verði gerð krafa um samræmda vöktun á svæðinu muni félagið taka fullan þátt í því verkefni. Vegna athugasemda Náttúrufræðistofnunar leggi félagið jafnframt áherslu á mikilvægi þess að gildistími leyfis verði rúmur svo fyrirsjáanleiki ríki um heimildir til vatnstöku. Að öðru leyti séu ekki gerðar athugasemdir við innsendar umsagnir.

Umfjöllun

Umhverfis- og orkustofnun hefur tekið til skoðunar umsókn Kaldvíkur (áður Laxar fiskeldi) ásamt fylgiskjöllum, matsskýrslu framkvæmdarinnar, álit Skipulagsstofnunar, umsagnir sem stofnuninni bárust og viðbrögð umsækjanda við þeim í samræmi við VIII. kafla auðlindalaga og almennar reglur stjórnsýsluréttarins. Þá hefur stofnunin tekið sérstaklega til athugunar umfjöllun um umhverfismarkmið grunnvatnshlota eins og þau koma fram í vatnaáætlun 2022-2027 og tengdum skjöllum, og áhrifamat leyfishafa á grunnvatnshlot. Til stuðnings

² Icelandic Water Holding hf.

hefur sömuleiðis verið litið til umsóknargagna annarra umsókna um nýtingarleyfi grunnvatns í næsta nágrenni og önnur viðbótargögn sem ekki er talin ástæða til að tilgreina sérstaklega.

Að meginstofni verður nýtt grunnvatn úr grunnvatnshlotinu Selvogsstraumur 3 (nr. 104-290-G) en austast á svæðinu er talið að grunnvatnshlotið Ölfusstraumur 3 (nr. 103-268-G) standi undir einhverjum hluta nýtingar. Mörk þessara grunnvatnshlota gætu breyst með nýrri vatna-áætlun. Umhverfismarkmið þeirra er að hafa góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand, en áhætta er óskilgreind. Samanlagt ná grunnvatnshlotin yfir mjög stórt svæði, hins vegar er fókussvæðið nú strandsvæðið við og vestan Þorlákshafnar. Staðsetning eldisstöðvar ásamt staðsetningu vatnsbóla, grann- og fjarssvæða þeirra, eru sýnd á mynd 6 í frummatsskýrslu³ framkvæmdar.

Grunnvatnsaðstæður á Reykjanesskaga eru um margt óvenjulegar, jafnvel fyrir Ísland, þar sem tiltölulega þunnt lag af fersku vatni rennur ofan á fullsöltum jarðsjó og víða gætir sjávarfalla í grunnvatnsgeyminum tugkilómetra frá ströndu. Umtalsverð úrkoma fellur á fjallgarðinn á miðjum skaganum og vatnsleiðni jarðlaga er mikil, einkum í nútímahraunlögum og víða í grágrytislögunum undir þeim. Nokkur sprungukerfi auka enn frekar á vatnsleiðni og má með sönnu segja að stórfjót streymi víða neðanjarðar til sjávar.

Við upptöku fersks grunnvatns leiðir niðurdráttur af sér þynningu grunnvatnslinsunnar og við það lyftist jarðsjórinn. Fræðilegt samband þar á milli byggir á mismunandi eðlisþyngd fasanna skv. Ghyben-Herzberg jöfnunni þar sem fyrir hvern metra grunnvatnsborðs yfir sjávarmáli eru 40 m af fersku vatni neðan sjávarmáls. Þar af leiðir mun 20 cm niðurdráttur valda því að yfirborð jarðsjávar hækki um 8 m. Samhliða því myndi blandlagið milli hins ferska og salta grunnvatns þykkna.

Sá hluti Selvogsstraumsins sem vatnstakan mun hafa áhrif á, liggur austan Selvogs og Heiðarinnar há, og nær yfir um 250 km² svæði. Vesturhluti straumsins frá Hlíðarvatni og vestur af því er utan við áhrifasvæði vatnstökunnar.

Ef of skarpt er upp dregið getur íblöndun jarðsjávar upp í ferskvatnslinsu haft langtímaáhrif á nýtingarmöguleika hennar en minni líkur má telja á skaðlegum langtímaáhrifum þynningar á gæði jarðsjávar, ekki síst vegna nálægðar svæðisins við sjó. Sömuleiðis leiðir upptaka jarðsjávar til þrýstingsléttis og sem leiðir af sér leitni ferskvatns niður í jarðlög og blöndun þess við jarðsjóinn. Því þarf að tryggja að nýting gangi ekki um of á grunnvatnsauðlindina.

Gífurleg ásókn hefur verið í grunnvatn á takmörkuðu svæði í Ölfusi. Vinnsla er hafin eða áform liggja fyrir um vinnslu landeldisstöðva fiskeldis, á samtals 4.800 l/s af fersku grunnvatni, að mestu úr Selvogsstraumi 3, og 65.500 l/s af jarðsjó. Þegar núverandi og fyrirhuguð vinnsla verður öll hafin á svæðinu mun ferskvatnsnotkunin því samsvara tæpu meðalrennsli

³ [Laxar fiskdeldi - Frummatsskýrsla uppfærð 25.8.2020.pdf](#)

Ellíðaáa, sem er um 4.900 l/s⁴. Takmarkaðar mælingar og rannsóknir liggja að baki þessum áformum og lítil reynsla af viðbrögðum grunnvatnshlotsins við vinnslu. Þá er vatnsból Þorlákshafnar á Hafnarsandi skammt norðan við eldisstöð leyfishafa, Iceland Water Holding hf. hefur leyfi til nýtingar á allt að 70 l/s af fersku grunnvatni við Hlíðarenda fyrir átöppunar-verksmiðju og fleiri aðilar nýta grunnvatn ofar í Ölfusinu. Með vísan til framangreinds ákvæðis 17. gr. auðlindalaga liggur því ljóst fyrir að haga verður nýtingu af varúð og jafn-framt eru hagsmunir leyfishafa sem og samfélagsins alls miklir fyrir því að vel sé að málum staðið.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að skilgreining grunnvatns í lögum um stjórn vatnamála á við allt vatn sem er neðan jarðar í samfelldu lagi, kyrrstætt eða rennandi, og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi, og á því jafnt við jarðsjó, jarðhitavatn og ferskt grunnvatn. Afmörkun grunnvatnshlota er takmörkuð að því leyti að grunnvatn er skilgreint sem eitt grunnvatnshlot, óháð mismunandi eiginleikum þess, þ.m.t. seltu. Markmið laganna er m.a. að hindra frekari rýrnun vatnsgæða og er lögð áhersla, í vatnaáætlun og reglugerð um flokkun vatnshlota, að hindra innstreymi salts vatns í ferskt grunnvatn þar sem það rýrir gæði ferskvatnsins. Við vinnslu grunnvatns eins og hér er stefnt að þykknar blandlagið milli hins ferska og salta grunnvatns vegna blöndunar sem getur einkum haft áhrif á seltu grunnvatnsins. Ljóst er að innstreymi salts vatns í ferskt grunnvatn er óheimilt og verður því að gera kröfu um ríka vöktun á því, þ.m.t. á leiðni og seltuhlutfalli.

Fyrirnefndir líkanreikningar Vatnaskila (2019) sýna að við vinnslu eykst selta í kringum nýtingarstað í efri lögum en dregur úr seltustigi í jarðsjónum og er það afleiðing af þykkingu blandlagsins. Meginmótvægisáðgerð til að draga úr „tapi“ á fersku grunnvatni upp um jarðsjávarholur er að hafa þær nógu djúpar til að takmarka megí áhrif blöndunar. Sömuleiðis er mikilvægt að nám ferska grunnvatnsins verði úr jarðlögum með mikla lárétta lekt sem dregur úr niðurdrætti og þar með úr líkum á beinni íblöndun jarðsjávar í ferskvatnslinsuna.

Að meginstofni er jarðlagagerð á hinum ýmsu stöðum á þessu svæði hin sama þótt breytileika gæti í þykktum einstakra eininga. Á yfirborði er Leitarhraun og er þykkt þess iðulega 20-25 m. Þar fyrir neðan er u.þ.b. 40 m þykkt lag af glerríku basalti/bólstrabergi, sennilegast ættað frá Heiðinni há. Fyrir neðan það eru á sumum stöðum um 10-15 m þykk setlög sem samanstanda af sandi, möl og sandsteini en þar fyrir neðan, eða á um 80 m dýpi er lag sem inniheldur mismundandi basaltlög ásamt glerríkri breksíu. Heildarþykkt þess lags er a.m.k. 40 m. Mest vatnsleiðandi eru bólstrabrotabergið undir Leitarhrauni og breksíulagið á 80-120 m dýpi. Lóðrétt vatnsleiðni er hins vegar tregari og benda reikningar til þess að hægt sé að dæla upp allnokkru vatni án umtalsverðs niðurdráttar. Á því svæði sem hér um ræðir benda mælingar/líkön til þess að umsótt vatnstaka leyfishafa leiði að hámarki til 0,2 m niðurdráttar á afmörkuðu svæði norðan til við nýtingarsvæðið við umsóttu dælingu, en ef tekið er tillit til

⁴ Flóð íslenskra vatnsfalla - flóðagreining rennslisraða. Veðurstofa Íslands, Skýrsla 2009-001.

áformaðrar nýtingar á svæðinu í heild megi gera ráð fyrir yfir 0,5 m niðurdrætti á áhrifasvæði eldisstöðvarinnar.

Þykkt fersku grunnvatnslinsunnar fer vaxandi eftir því sem vestar dregur og inn til lands og mót hennar og undirliggjandi jarðsjávar lækka því samsvarandi. Á Hafnarnesi er ekki um að ræða nema einhverja metra ef eitthvað er en vestast á svæðinu eru mótin ríflega 40 m undir sjávarmáli. Á umsóttu nýtingarsvæði má gera ráð fyrir ríflega 10-15 m þykku ferskvatnslagi.

Umhverfis- og orkustofnun setur þá kröfu á leyfishafa að gætt sé að því af hvaða dýpi og við hvaða aðstæður vatnstaka verði, hvort sem það á við um ferskt eða salt grunnvatn. Að meginstofni skal miðað við kargalagið undir Leitarhrauni til ferskvatnstöku en þó ekki það djúpt að komið sé í blandlagið og jafnframt hvetur Umhverfis- og orkustofnun til þess að jarðsjávarholur nái niður í breksíulagið og jarðsjávarataka fari vel niður í jarðsjávarhlutann. Mikilvægt er því að fylgst sé vel með seltustigi í uppteknu grunnvatni og brugðist verði við sýni mælingar breytingar þar á.

Umsagnaraðilar bentu sérstaklega á mikilvægi þess að gæðum grunnvatnsbóla Þorlákshafnar verði ekki spillt. Fyrir liggur áætlun um flutning vatnsbólsins ofar í landið en skv. greinargerð með aðalskipulagi Ölfuss 2020-2036 stefnir sveitarfélagið samt að því að halda núverandi vatnsbólum sem varavatnsbólum fyrir þéttbýlið. Meðan svo er og þar sem ekki er hafinn flutningur vatnsbóls er grundvallaratriði að vakta ástand þess, bæði með beinum mælingum og ítarlegu vatnalíkani og tryggja gæði þess með viðbragðsáætlun. Hvað varðar umfjöllun um áhrif vatnstöku leyfishafa á rekstur Icelandic Water Holding hf. við Hlíðarenda í Ölfusi og aðra vatnsnýtingu ofar í Ölfusi telur Umhverfis- og orkustofnun ljóst út frá gögnum með umsókn að sú starfsemi standi vel utan áhrifasvæðis þessarar nýtingar.

Við undirbúning vatnaáætlunar lagði Veðurstofa Íslands fram tillögu að aðferðalegri nálgun um mat á magnstöðu grunnvatns.⁵ Þar er sérstaklega áréttað að magnstaða grunnvatns sé mælikvarði á ástandi grunnvatnshlats en ekki mæling á vatnsstöðunni sem slíkri og ítrekað er mikilvægi þess að hafa þessa notkun hugtaksins í huga.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að nýting grunnvatns er frábrugðin nýtingu yfirborðsvatns, t.d. með veitingu vatns úr farvegi sínum, í því efni að boruð er ein eða fleiri holur, og þá yfirleitt með ákveðnu millibili, og vatni dælt upp úr grunnvatnsgeyminum (eða grunnvatnsstraumi eins og víða háttar hér á landi). Með dælingu grunnvatns úr borholum er vatn dregið úr næsta nágrenni inn í holuna og leiðir dælingin óhjákvæmilega af sér niðurdrátt grunnvatnsyfirborðs í kring um holuna. Ef nægilegt aðstreymi grunnvatns er að nýtingarstað mun grunnvatnsborð ná nýju jafnvægi sem m.a. er háð lekt og eiginleikum jarð- eða berggrunns á aðrennslis- og áhrifasvæði nýtingarinnar. Kröfur í lögum um stjórn vatnamála og í vatnaáætlun, um að viðhaldið sé góðri magnstöðu grunnvatns, fela því ekki í sér skilyrði um

⁵ Davíð Egilson, Jón Guðmundsson, Tinna Þórarinsdóttir og Gerður Stefánsdóttir 2019: Skýrsla VÍ 2019-012

að grunnvatnsborð haldist óbreytt við nýtingu. Út frá framangreindum skilgreiningum leiðir að við nýtingu grunnvatns beri að gæta að því að grunnvatnsyfirborð nái jafnvægi til langs tíma til að uppfyllt séu markmið um góða magnstöðu. Sömuleiðis beri að líta á breytingar á eiginleikum vatnsins til að tryggja að nýting dragi ekki inn mengað vatn, s.s. yfirborðsvatn, saltvatn eða vatn frá menguðu grunnvatnshloti. Í þriðja lagi ber að líta til þess hvort áhrif vatnstöku, þ.m.t. vegna vatnsborðslækkunar, hafi áhrif á vistkerfi sem geta verið háð grunnvatni eða tengslum milli grunnvatns og yfirborðsvatns.

Eins og framar greinir er um að ræða viðkvæmt jafnvægi milli fersks grunnvatns og jarðsjávar og ofnýting getur haft alvarleg áhrif á gæði grunnvatnsins og takmarkað möguleika til nýtingar til langrar framtíðar.

Núverandi nýting Kaldvíkur (áður Laxa fiskeldis) hefur verið í gangi án nýtingarleyfis frá 2017 og er því óheimil. Orkustofnun og Umhverfis- og orkustofnun hafa gert kröfur um áfanga-skipta vinnslu, í útgefnum leyfum til grunnvatnsnýtingar á svæðinu, og skilyrt áframhaldandi vinnslu nýtingaraðila við útkomu vöktunar. Í vatnaáætlun 2022-2027 er krafa um að þeir sem valdi álagi á vatnsauðlindina eigi að framkvæma mælingar á gæðapáttum vatnshlotanna áður en framkvæmdir hefjist. Umsækjanda leyfis bar því að setja af stað vöktun gæðapátta fyrir grunnvatnsauðlindina og strandsjávarhlotið áður en núverandi starfsemi hófst og verður það því að gerast áður en nýting verður aukin.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að áður en leyfishafi hefur vinnslu í eignarlandi þarf hann að hafa náð samkomulagi við landeiganda um endurgjald fyrir auðlindina samkvæmt ákvæðum 29. gr. auðlindalaga. Hafi hvorki náðst samkomulag um endurgjaldið né eignar-náms verið óskað innan 60 daga frá útgáfu nýtingarleyfis fellur það niður. Sama gildir ef nýting á grundvelli leyfisins er ekki hafin innan þriggja ára frá útgáfu leyfisins.

Skipulag og umhverfismat

Fram kemur í umsókn og fylgigögnum að staðsetning nýtingarsvæðis sé við Laxabraut, vestan Þorlákshafnar og sunnan Suðurstrandarveggar, þar sem afmarkað hafi verið iðnaðarsvæði í aðalskipulagi sveitarfélagsins Ölfuss 2020 – 2036. Í greinargerð með skipulaginu kemur fram að á svæðinu sé gert ráð fyrir fiskeldi og tengdri starfsemi og samræmist starfsemin aðalskipulaginu.

Deiliskipulag fiskeldisins við Laxabraut 9 var samþykkt af bæjarstjórn Ölfuss þann 25. ágúst 2016 og auglýst í B deild Stjórnartíðinda þann 6. október sama ár og deiliskipulag fiskeldisins við Laxabraut 11 var samþykkt af bæjarstjórn Ölfuss þann 17. febrúar 2022 og auglýst í B deild Stjórnartíðinda þann 24. júní sama ár, í samræmi við aðalskipulagið og skipulagslög nr. 123/2010. Í deiliskipulaginu fyrir Laxabraut 11 voru lóðarmörk færð til suðurs til að leyfa borun nýrra dýpri vinnsluhola utan byggingareits, eins nálægt strandlengjunni og hægt sé. Fyrirhugaðar boranir sunnan lóðar við Laxabraut 9, sem eru sýndar á mynd 13 í skýrslu

Vatnaskila (des. 2024) eru hins vegar ekki í samræmi við samþykkt deiliskipulag skv. skipulagsvefsjá í maí 2025.

Fyrirhuguð vatnsnýting fór í mat á umhverfisáhrifum samkvæmt þáverandi lögum nr. 106/2000 sbr. lið 10.24 í 1. viðauka laganna.⁶ Skipulagsstofnun birti álit sitt um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar þann 19. apríl 2021.

Fram kemur í matsskýrslu að fiskeldisstarfsemi í eldisstöð Laxa hafi hafist árið 2017 en stöðin sé enn í uppbyggingu. Í stöðinni sé heimilt að ala 500 tonn af laxaseiðum á ári og miðist vatnstaka á lóðinni við það, sem sé 5,0 l/s af ferskvatni og 2.500 l/s af jarðsjó. Fram kemur að til standi að auka framleiðslu úr 500 tonnum af laxaseiðum í 2.500 tonn af laxi og laxaseiðum á ári og því sé fyrirhuguð vinnsla á 375 l/s af ferskvatni og 5.000 l/s af jarðsjó. Ferskvatns-vinnsla sé stöðug yfir árið en jarðsjávarataka breytileg. Núverandi jarðsjávarvinnsla fari lægst niður í um 250 l/s, en með fyrirhugaðri stækkun muni hún fara lægst niður í um 500 l/s. Mælingar á seltu vatns sem unnið sé úr jarðsjávarholum sé á bilinu 10-30‰ og hafi því nokkuð stór hluti af vatni úr ferskvatnskerfinu blandast við jarðsjóinn.

Fram kemur í frummatsskýrslunni að þegar sé unnið úr 11 jarðsjávarholum. Ráðgert sé að minnka vatnstöku með því að auka endurnýtingu á eldisvatni með búnaði sem spari dælingarkostnað og dragi úr vatnsnotkun um 50%. Fyrir vikið muni þurfa 0,15 l/mín af vatni fyrir hvert kíló af eldifiski í stað 0,3 l/mín. Einnig verði súrefni dælt beint í eldisker til að auka nýtingu á eldisvatni enn frekar. Ráðgert sé að bæta við 4 ferskvatnsholum og 10 jarðsjávarholum sem verði staðsettar sunnan lóðar félagsins.

Vatnaskil ehf. mátu, með fyrrnefndum líkanareikningum í desember 2019, þáverandi ástand auðlindarinnar, þær breytingar sem fyrirhuguð vinnsla leyfishafa gæti haft á það ástand, og hvernig fyrirhuguð heildaraukning vinnslu Laxa, Íspórs og Landeldis gæti haft áhrif á ástand auðlindarinnar. Niðurstöður gáfu til kynna mikilvægi þess, til framtíðar litið, að taka tillit til heildarvinnslu fiskeldisfyrirtækja og annarra stórnotenda á svæðinu og vinnslufyrirkomulags þeirra eins og staðsetningu hola, dýpi og götun þeirra. Jafnframt þurfi að tryggja að sem minnst sé unnið af fersku vatni um jarðsjávarholur og að seltustig jarðsjávarins verði þannig sem næst fullri seltu sjávar, svo fullnægja megi ferskvatnspörf til framtíðar á svæðinu. Mikilvægt sé því að vakta grunnvatnsástand svæðisins og fylgjast með viðbrögðum kerfisins við aukinni vinnslu. Vakta þurfi auðlindina eftir strandlengjunni samhliða vöktun ofar í landi.

Niðurstaða leyfishafa í frummatsskýrslu var að áhrifa vegna vatnstöku myndi einna helst gæta í formi seltubreytinga á hans eigin lóð, en einnig gætu orðið breytingar á lóð Náttúru fiskræktar sem og 0,5-1‰ seltubreyting á 15-25 m dýpi á norðurhluta lóðar Íspórs, en bæði fyrirtækin eru nú í eigu Arnarlax ehf.

⁶ Nú liður 10.19 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021.

Skipulagsstofnun benti á, í álitinu,⁷ að framkvæmdin kynni að hafa áhrif á grunnvatnsstöðu og jafnvægi milli ferskvatns- og saltvatnslinsa og að liggja þurfi fyrir vöktunaráætlun með því hvort vatnstaka hafi áhrif á grunnvatnsyfirborð og hættu á að jarðsjór blandist ferskvatnslinsunni, áður en framkvæmdir hefjist. Lagði stofnunin til að sett verði skilyrði um vöktun á grunnvatni í leyfi og að þar yrði kveðið á um viðbrögð við áhrifum á grunnvatnsborðið reynist þau meiri en gert sé ráð fyrir. Gera þurfi ráð fyrir reglulegum prófílmælingum á seltu, síritun vatnsborðs og mælingum á rafleiðni á völdu dýpi í völdum holum. Þá þurfi að gera ráð fyrir að sameina þurfi vöktun á svæðinu með öðrum eldisiðnaði og mögulegum stórnotendum vatns sem kunni að bætast við í framtíðinni. Eigi þessi vöktun sérstaklega við um þau svæði þar sem ætla megi að viðbrögð geti komið fljótt fram við aukna vinnslu. Taldi stofnunin jafnframt að slík vöktun ætti að vera samstarfsverkefni sveitarfélags sem skipulagsyfirls og leyfisveitanda, Umhverfis- og orkustofnunar sem leyfisveitanda fyrir nýtingarleyfi og viðkomandi fyrirtækja.

Eins og fram kom að ofan eru umhverfismarkmið grunnvatnshlotanna þriggja sem um er að ræða hér (Selvogsstraumur 3, Ölfusstraumur 3 og Ölfusstraumur Ölfusá) að hafa góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Núverandi magnstaða og efnafræðilegt ástand eru þó enn óþekkt í þeim öllum samkvæmt skráningu í vatnavefsja.

Verkfræðistofan Vatnaskil lagði nýtt mat á áhrif fyrirhugaðrar vatnstöku leyfishafa, með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar, í desember 2024, og að teknu tilliti til annarrar vatnsnýtingar á sama áhrifasvæði. Í skýrslunni kemur fram að með því vinnslufyrirkomulagi leyfishafa sem gert sé ráð fyrir sé sá möguleiki fyrir hendi að einhver selta verði í vatni í grynri vinnsluholum. Reiknuð seltuaukning í grynri holu sé þó bundin óvissu og hugsanlega ofmetin í líkaninu. Reiknuð selta í dýpri vinnsluholum Kaldvíkur sé um 33% að meðaltali, sem samsvari 3% hækkun frá núverandi ástandi. Frekari gagnasöfnun samhliða uppbyggingunni, sér í lagi öflun jarðfræðigagna samhliða borun og prófun fyrstu nýju vinnsluholanna, muni hugsanlega leiða til uppfærslu á grunnvatnslíkaninu og þ.a.l. á reiknaðri vinnsluseltu. Niðurstöður líkansreikninganna gefi til kynna að fyrirhuguð vinnsluaukning Kaldvíkur muni ekki hafa áhrif á umhverfismarkmið grunnvatnshlotanna varðandi magnstöðu og efnafræðilegt ástand. Jafnframt muni vatnstakan ekki hafa áhrif á nærliggjandi stöðuvatnshlot (Hlíðarvatn) og straumvatnshlot (Hlíðarendalækur). Umhverfis- og orkustofnun hefur tekið afstöðu til áhrifamatsins og telur það fullnægjandi. Stofnunin bendir á að rýrnun vatnshlota s.s. seltuaukning fersks grunnvatns er ólögleg skv. lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Ekki er hægt að sækja um heimild til breytingar á vatnshloti skv. 18. gr. laganna þar sem hún á einungis við ef ekki er hægt að ná fram umhverfismarkmiðum varðandi hæð vatnshlota, hún á ekki við um efnafræðilega eiginleika.

⁷ Álit Skipulagsstofnunar um allt að 2.500 tonna framleiðsla á laxi og laxaseiðum á ári í eldisstöð Laxa eignarhaldsfélags ehf. við Laxabraut, Þorlákshöfn dags. 19.4.2021.

Í skýrslu Vatnaskila um áhrifamat leyfishafa kemur einnig fram að vöktun innan lóðar leyfishafa verði haldið áfram með sama hætti og gert sé í dag, með sítun á vatnsborði í vinnsluholum og vinnslumagni í þeim sem og punktamælingum á hitastigi og rafleiðni vinnsluvatns. Vöktunargögn verði gerð aðgengileg svo þau nýtist til líkangerðar á svæðinu og til stuðningsmati á ástandi auðlindarinnar hverju sinni. Vöktun utan lóðar leyfishafa verði gerð í samvinnu við aðra vinnsluaðila á svæðinu í gegnum sameiginlegt félag þeirra, Hydros ehf., sem sé ætlað að standa að sameiginlegri vöktun á vatnsvinnslu þeirra aðila sem nýti ferskt og salt grunnvatn á svæðinu sem og utanumhaldi á viðbrögðum og stöðu grunnvatnsauðlindarinnar við þeirri vinnslu. Félagið muni standa að borun, rannsóknar- og vöktunarhola utan lóða vinnsluaðila, til söfnunar jarðlagagreininga byggðri á svarfgreiningu, ásamt mælingu vatnafarsþátta til kortlagningar auðlindarinnar. Jafnframt muni félagið tryggja uppsetningu og rekstur vöktunarkerfis ásamt sameiginlegum gagnabanka þar sem haldið verði utan um alla meginvatnafarsþætti tengdum vöktuninni. Útfærsla á fyrirkomulagi sameiginlegra vöktunarhola og gagnasöfnunar á vegum Hydros taki mið af því að allir vinnsluaðilar muni jafnframt standa að heildstæðri og ítarlegri vöktun innan eigin lóða, auk þess sem unnt verði að laga útfærsluna að mögulega breyttum þörfum eftir því sem þekking á auðlindinni og viðbrögðum hennar við vinnslu aukist.

Umhverfis- og orkustofnun tekur fram að meginskilyrði nýtingarleyfis er að vinnslu sé hagað þannig að nýting vatnsauðlindar verði sem best þegar til lengri tíma er litið og þess sé gætt að ekki sé tekið meira vatn en þörf er á til starfseminnar, sbr. 25. gr. auðlindalaga og 3. gr. leyfis. Þá vísar stofnunin til ákvæðis 6. gr. leyfis þar sem kveðið er á um að leyfishafi skuli m.a. skrá magn og nýtingarhraða grunnvatns sem bæði er tekið upp og þess sem er nýtt. Leggur stofnunin áherslu á að leyfishafi skili sameiginlegri vöktunaráætlun og keyrslu grunnvatnslíkans, með öðrum aðilum sem nýta grunnvatn úr grunnvatnsstraumum á svæðinu, sem sýni áhrif nýtingarinnar á ástand grunnvatnshlotanna, sbr. 6. gr. leyfis. Bendir Umhverfis- og orkustofnun á að ásælni fiskeldisfyrirtækja í ferskt og salt grunnvatn á Reykjanesskaga og í Ölfusi fer hratt vaxandi og þó að grunnvatnsauðlindin á svæðinu sé gjöful og endurnýjanleg er hún takmörkuð og ber því að umgangast hana með sjálfbærni að leiðarljósi.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að leyfishafa ber að fylgjast með magnstöðu og seltu þess grunnvatns sem upp er tekið með það fyrir augum að hægt verði að bregðast við ef breytinga verður vart. Vísar stofnunin í því sambandi til ákvæða í 6. gr. leyfis.

Umhverfis- og orkustofnun hefur tekið tillit til ábendinga Skipulagsstofnunar varðandi áhrif á grunnvatn og seltu og telur að þeim sé fullnægt með því að krefjast ítarlegrar vöktunar á helstu þáttum nýtingarinnar, þ.m.t. seltu áður en ráðist verði í annan áfanga. Þá er einnig gerð krafa um að nýtingaraðilar á svæðinu ráðist í sameiginlega vöktun.

Umhverfis- og orkustofnun hefur í ljósi framanritaðs metið innsend gögn og aðrar tilgreindar heimildir. Með vísan til fyrirliggjandi rannsókna á umræddu svæði og umfjöllunar hér framar,

telur stofnunin að fyrirhuguð vatnstaka muni ekki hafa verulega neikvæð áhrif á vatnsjafnvægi svæðisins né að núverandi nýting grunnvatns verði fyrir óafturkræfum áhrifum af þeirri nýtingu. Stofnunin hefur því komist að þeirri niðurstöðu að nýtingarleyfi til handa Kaldvík ehf. sé í samræmi við 17. gr. auðlindalaga.

Niðurstaða

Með vísan til ofangreinds, og í samræmi við IV. kafla laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, hefur Umhverfis- og orkustofnun ákveðið að veita Kaldvík nýtingarleyfi á allt að 375 l/s af fersku grunnvatni og 5.000 l/s af söltu grunnvatni (jarðsjó), á tilgreindu svæði á lóð fyrirtækisins við Laxabraut 9-11 í sveitarfélaginu Ölfusi, til 20 ára.

Leyfi þetta er háð almennum gildandi réttarreglum á hverjum tíma. Það undanþiggur ekki leyfishafa frá því að sækja um leyfi vegna starfsemi sinnar sem að öðru leyti er mælt fyrir um í öðrum lögum sem starfsemin fellur undir, svo sem framkvæmda- og/eða byggingarleyfi viðkomandi sveitastjórnar.